



Fundargerð

1. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 11:30 mánudaginn 7. júní 2021, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Stjórn skiptir með sér verkum
- Erindisbréf stjórnar
- Stutt yfirlit yfir helstu verkefni
- Önnur mál

Stjórn skiptir með sér verkum

Katrín Sigurðardóttir býður sig fram til formanns stjórnar og er það samþykkt samhljóða. Stjórn sammælist um að Ásgerður K. Gylfadóttir verði varaformaður.

Erindisbréf stjórnar

Framkvæmdastjóri kynnir erindisbréf stjórnar og voru helstu atriði rædd þegar kemur að fyrirkomulagi funda og hlutverki stjórnar. Rætt sérstaklega um staðfestingu á fundargerðum, stjórn samþykkir að fundargerðir verði sendar út og ef ekki berast athugasemdir innan 3 daga þá teljast þær samþykktar. Æskilegt er að stjórnarmenn staðfesti með tölvupósti séu þeir samþykktir.

Framkvæmdastjóri ræðir fundafyrirkomulag stjórnar fyrir komandi ár. Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi og áður þar sem stjórn fundar fyrsta mánudag í mánuði, í flestum tilfellum fjarfundir en stefnt að því að hittast 2-3 yfir tímabilið ef aðstæður leyfa. Rætt var um greiðslur fyrir stjórnarfundi,

framkvæmdastjóri segir frá fyrirkomulagi sem er notast við á Norðurlandi. Í dag er einungis greitt fyrir ferðakostnað en umræða hefur komið upp reglulega um að taka upp greiðslur fyrir fundi. Ákveðið var að stjórnarseta eigi að vera greidd en framkvæmdastjóra er falið að kostnaðarmeta það og leggja fyrir fund stjórnar í haust og þá verður tekin ákvörðun um gildistíma og upphæð.

Stutt yfirlit yfir helstu verkefni

- Nýtt útlit vefsíðunnar www.south.is er komin í loftið eftir mikla vinnu og undirbúning. Markaðsstofur landshlutanna unnu saman að þróun nýju síðanna og eru þær með samræmdu útliti eins og áður.
- **Upplifðu.is** er og verður í kynningu í sumar.
- Unnið er að tillögu að ferð (e. Pre tour) sem verður í boði um Suðurland fyrir **VestNorden**.
- Starfsfólk **Íslandsstofu** kom í heimsókn á Suðurland, nokkur ferðaþjónustufyrirtæki voru heimsótt og skrifað undir samstarfssamning Íslandsstofu og Markaðsstofunnar á Landhóteli.
- Farið verður í **innanlandsherferð** í sumar, þó ekki eins stóra og í fyrrasumar. Fjármagn kemur til átaksins m.a. frá Ferðamálastofu vegna nýrrar ferðagjafar.
- Framkvæmdastjóri átti fund með starfsmönnum Ferðamálastofu um **áfangastaðaáætlun** og framgang verkefna sem tengjast henni.
- Framkvæmdastjóri með hópi forstöðumanna MAS hefur átt fundi með Hæfnisetri. Einnig hefur framkvæmdastjóri og verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar átt fundi með Fræðslunetinu og Háskólafélagi Suðurlands um **fræðslumál** í landshlutanum.
- **Vitaleiðin** verður opnuð laugardaginn 12. júní, kl. 13. Verður prentað út borðkort um leiðina og verður áhugaverð dagskrá á opunarhátíð.
- Starfsmenn hjá **Rannsóknarmiðstöð ferðamála** koma til fundar við MSS á morgun (8. júní) vegna rannsóknar um viðbragð ferðaþjónustunnar vegna Covid-19.

Önnur mál

Framkvæmdastjóri fór yfir sumarleyfi starfsmanna og opnunartíma skrifstofu í sumar, stjórn samþykk fyrirkomulaginu.

Fundi slitið kl. 12:35